



PingPong mót Borðtennisdeildar KR 19. nóv 2022

Borðtennisdeild KR heldur aldursflokkamót í boði pingpong.is, laugardaginn 19. nóvember 2022 í Íþróttahúsi Hagaskóla, Neshaga 3 (miðinngangur).

Tímaáætlun

kl. 13:00 Hús opnar

kl. 13:30 Einliðaleikur 12 ára og yngri (f. 2011 og síðar)

kl. 14:30 Tvíliðaleikur 18 ára og yngri (f. 2005 og síðar)

Báðir flokkar eru sameiginlegir fyrir öll kyn og má hver leikmaður aðeins leika í einum flokki.

Fyrirkomulag keppni

Keppt verður með upp og niður fyrirkomulagi þannig að leikmenn raðast í riðla eftir nýjasta styrkleikalista og færast upp og niður í takt við úrslit eftir því sem líður á mótið. Með þessum hætti fá leikmenn marga leiki í samræmi við sinn styrkleikaflokk. Leiknar verða 3 umferðir í þriggja til fjögurra manna/liða riðlum þar sem hver leikmaður/hvert par spilar tvo til þrjá leiki. Sá sem endar efst í riðlinum að lokinni hverri umferð færist upp og sá sem endar neðst í riðlinum færist niður. Aðrir verða áfram í sama riðli.

Verðlaun

Þátttökuverðlaun verða veitt í flokki 12 ára og yngri. Í tvíliðaleik 18 ára og yngri verða veitt verðlaun frá pingpong.is fyrir efsta sætið í hverjum riðli í lok síðustu umferðar.

Þáttökugjöld

Þáttökugjöld eru 1.500 krónur á mann í einliðaleik og 2.000 krónur á parið í tvíliðaleik.

Gjaldið greiðist í reiðufé á mótsstað eða með millifærslu inn á bankareikning

Borðtennisdeildar KR. Taka skal fram í skýringu fyrir hvaða leikmann er verið að greiða, og senda skal tilkynningu á netfangið boardtennisdeildkr@gmail.com.

Bankareikningur: 0137-26-008312

Kennitala: 661191-1129.

Skráning

Skráning fer fram með tölvupósti á netfangið bordtennisdeildkr@gmail.com til kl. 18 fimmtudaginn 17. nóvember 2022. Taka skal fram fullt nafn keppenda og kennitölu, tilgreina félag sem keppt er fyrir, flokk sem keppt er í og liðsfélaga ef keppt er í tvíliðaleik. Ef leikmanni vantar meðspilara fyrir tvíliðaleikinn þá skal mótstjórn glöð aðstoða með það.

Raðað verður í riðla fyrir PingPong mótið í Íþróttahúsi Hagaskóla, fimmtudagskvöldið 17. nóvember kl 19:00. Leikið verður með hvítum Stiga 3ja stjörnu plastkúlum. Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Mótstjórn:

Pétur Gunnarsson, gsm. 662 3949, peturgun9@gmail.com
Hlökkver Steini Hlökkversson, gsm. 824 3738, hsh3006@gmail.com
Skúli Gunnarsson, gsm 845 2585, skuligunn8@hotmail.com

Yfirdómari: Finnur Hrafn Jónsson

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR
Pétur Gunnarsson